



Skoðun á sniði garðlags í Vestdal, Seyðisfirði, Múlapingi



Rannveig Þórhallsdóttir
2023

Forsíðumynd: Horft til vesturs yfir garðlag 2794-3 í Vestdal, Seyðisfirði, Múlaþingi.



© Rannveig Þórhallsdóttir
Janúar 2023

Efnisyfirlit

GRUNNUPPLÝSINGAR RANNSÓKNARINNAR	4
ABSTRACT	5
INNGANGUR.....	6
SAGA VESTDALS	6
VETTVANGSVINNA.....	7
<i>Sniðlýsing sniðs.....</i>	<i>10</i>
NIÐURSTÖÐUR	10
HEIMILDIR	11
FYLGISKJAL 1.....	12
FYLGISKJAL 2.....	13

Grunnupplýsingar rannsóknarinnar

Rannsóknarnúmer Minjastofnunar: 202212-0029.

Safnnúmer Þjóðminjasafns: 2022-90.

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur): Skoðun á sniði garðlags í Vestdal.

Tegund rannsóknar: Hreinsun og teikning á sniði garðlags í Vestdal.

Staðsetning: Vestdalur, Seyðisfirði, Múlaþingi.

GPS hnit: ISN93: A 733518, N 541211.802 .

Rannsóknartími: 06.12.2022.

Leyfishafi: Rannveig Þórhallsdóttir f.h. Sagnabrunns ehf.

Fjöldi starfsmanna: Einn fornleifafræðingur og einn landfræðingur til aðstoðar á vettvangi.



Kort 1. Staðsetning fornleifarannsóknar á landinu merkt inn með rauðum punkti.

Abstract

The goals of this research project was to evaluate when a turf wall in Vestdalur (also called Védalur in old sources, DI IX, 191), Seyðisfjörður, Múlaþing, was built. The wall is 1,5 km long and is on the north side of the Vestdalur river. It was considered a possibility that the wall could be old, therefore it was necessary to evaluate its age by cleaning a profile of the wall that had already been disturbed by a small waterstream. The purpose of the wall is unknown. It could be a landmark wall between the properties of Fjörður and Vestdalur since according to the place name register of Fjörður and Vestdalur the Vestdalur river divides the two properties. Although, there is no mention of the wall in the place name register of Fjörður and Vestdalur and the farmers of Dvergasteinn and Sunnuholt do not know who built the wall and in what purpose. It is also possible that the wall was raised related to the plan of creating a power plant in Vestdalseyri in the years between 1920s and 1930s. Five "square" piles of stones that were collected because of those plans (according to Unnar Sveinlaugsson) are close to the wall in Vestdalur.

The conclusion of evaluation is that the wall is not as old as was previous considered. The wall was build after 1875 since the turf in it has the tephras of V-1477 and A-1875. Under the turf wall is a grey mudslide layer (from 1916?), Ö-1362 tephra, V-1160 and H-1158 tephra, all in situ, as well as a peat layer. Further down the sequence of the settlement tephra is in situ, as well as another mudslide layer. In the place name register of Dvergasteinn there is a mention of a mudslide that fell in the area in the year of 1916. It is possible that mudslide underneath the turf wall is from that year and the wall therefore built in 20th century, after 1916. It is therefore suggested that permission will be granted to plow the line where the wall has already been cut.

Inngangur

Sagnabrunnur ehf. tók að sér að skoða snið garðs í Vestdal fyrir sveitarfélagið Múlaþing vegna fyrirhugaðrar línulagnar á svæðinu.¹ Markmið rannsóknarinnar var að meta aldur garðs í Vestdal. Rannsóknin fékk rannsóknarnúmerið 202212-0029 hjá Minjastofnun Íslands og safnnúmerið 2022-90 hjá Þjóðminjasafni Íslands. Rannveig Þórhallsdóttir fornleifafræðingur framkvæmdi vettvangsrannsókn og Ólafur Örn Pétursson landfræðingur var til aðstoðar á vettvangi. Sandra Sif Einarsdóttir, forvörður, hjá Þjóðminjasafni Íslands var tengiliður rannsóknarinnar varðandi forvörslu ef gripir 100 ára eða eldri skyldu finnast við rannsóknina. Við úrvinnslu gagna var gerð tölvuteikning af sniði í ArcGis.

Saga Vestdals

Unnin hefur verið ítarleg skráningarskýrsla fyrir Vestdalseyri sem nær inn á rannsóknarsvæðið sem hér er til skoðunar. Verður vísað í þá skýrslu eftir þörfum.² Einnig liggur fyrir fornleifaskráning Seyðisfjarðar sem nær inn á hluta svæðisins sem hér er til skráningar.³ Að öðru leyti er vísað í fornleifaskráningarskýrsluna sem unnin var vegna línulagnarinnar í Vestdal.⁴

Elstu heimildir um jörðina Vestdal, eða Védal, er í máldaga Þykkvabæjarlausturs frá því snemma á 16. öld.⁵ Samkvæmt Landnámu nam Bjólfur allan Seyðisfjörð og bjó þar til æviloka og sonur hans Ísólfur eftir hans dag, líklega í Firði. Í Landnámu segir einnig að Helga dóttir Bjólfs hafi fengið norðanverðan Vestdalinn að Vestdalsá í heimamund.⁶ Yfirstandandi fornleifarannsóknir á bæjarstæði Fjarðar og fundur kumla í landi þess, sem virðast frá fyrstu tíð landnáms í Seyðisfirði, vekja upp hugleiðingar um að sannleikskorn leynist í Landnámu um fyrstu íbúa Seyðisfjarðar.⁷ Samkvæmt manntalinu árið 1703 var ein hjáleiga í Vestdal. Líklega

¹ Rannveig Þórhallsdóttir. (2022). Fornleifaskráning vegna línulagnar fyrir Múlaþing, frá Vestdal að Dvergasteini, Sunnuholti og Selstöðum, Seyðisfirði, Múlaþingi.“ Sagnabrunnur.

² Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2019. „Fornleifar á Vestdalseyri. Deiliskráning á þorpinu og nánasta nágrenni.“ Fornleifastofnun Íslands. FS692-17191.

³ Bjarki Borgþórsson og Ólafur Örn Pétursson. (2009). „Fornleifaskráning Seyðisfjarðar. Unnin vegna aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar 2009-2029.“ Skálanessetur.

⁴ Rannveig Þórhallsdóttir. (2022). Fornleifaskráning vegna línulagnar fyrir Múlaþing, frá Vestdal að Dvergasteini, Sunnuholti og Selstöðum, Seyðisfirði, Múlaþingi.“ Sagnabrunnur.

⁵ Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn. I-XV. bindi. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, IX, 191; Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2019. „Fornleifar á Vestdalseyri. Deiliskráning á þorpinu og nánasta nágrenni.“ Fornleifastofnun Íslands. FS692-17191, bls. 13.

⁶ Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2019. „Fornleifar á Vestdalseyri. Deiliskráning á þorpinu og nánasta nágrenni.“ Fornleifastofnun Íslands. FS692-17191, bls. 13.

⁷ Í yfirstandandi rannsóknum í Firði (óbirtar rannsóknarniðurstöður Ragnheiðar Traustadóttur hjá Antikva 2021 og 2022) hafa fundist ríkmannlegt bátskumla karls, hests og hunds, kumla karls með hestum og reiðtyggjum og ríkulegt kvenkumla með óvenju vel varðveittum ofnum klæðum. Kumlin eru frá 10. öld. Einnig hafa fundist

hefur verið um að ræða Vestdalsgerði (NM-252:005).⁸ Með hliðsjón af áður nefndum heimildum var fyllsta ástæða til að vera vakandi fyrir þeim möguleika að garður 2794-3 væri forn.



Mynd 1. Yfirlitsmynd yfir uppmældar fornminjar í Vestdal. Línulögn er merkt inn með rauðu og uppmældar minjar með bleiku og gulu. Garður 2794-3 nær yfir 1,5 km svæði norðan við Vestdalsá.

Vettvangsvinna

Farið var á vettvang 6. desember 2022. Eins og áður segir var markmið rannsókna að meta aldur garðs 2794-3 í Vestdal,⁹ Seyðisfirði, Múlapingi, með því að hreinsa snið garðsins meðfram lækjarfarvegi.

híbýli fólks (skálar) undir skriðu sem féll upp að hluta hússins um 1100. Allt bendir til þess að búið hafi verið í skálunum á 10.-13. öld. Fundur fjallkonunnar svokölluðu í Vestdal bendir einnig til búsetu í firðinum á 10. öld, sjá: Rannveig Þórhallsdóttir. 2018. „Fjallkonan. „Sér hún hátt og vítt um veg“ – hinsta hvíla konu frá 10. öld á Vestdalsheiði. Síð-fræðileg rannsókn á mannvistarleifum og gripum.“ MA ritgerð í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi: Dr. Steinunn Kristjánsdóttir.

⁸ Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). 2019. „Fornleifar á Vestdalseyri. Deiliskráning á þorpinu og nánasta nágrenni.“ Fornleifastofnun Íslands. FS692-17191, bls. 15 og 38-39; Sigurður Vilhjálmsson, 1970. „Seyðisfjörður, örnefni á öllum bæjum“.

⁹ Einnig nefndur Védalur í gömlum heimildum, sjá DI IX, 191

2794-3. Garður

Í gegnum Vestdal liggur umræddur 1,5 km garður (hæð veggja um 1,5 m, þykkt veggja um 1,7 m) sem talið var að gæti verið forn. Garðurinn var rofinn á um 10 m löngum kafla.

Hlutverkt garðsins er óþekkt. Það gæti verið að um sé að ræða landamerkjagarð á milli jarðanna Fjarðar og Vestdals þar sem garðurinn fylgir Vestdalsá, en samkvæmt örnefnaskrá Fjarðar og Vestdals ræður Vestdalsá landamerkjum jarðanna. Þó kannast núlifandi bændur í Sunnuholti og Dvergasteini ekki við hver reisti garðinn eða í hvaða tilgangi hann var reistur.

Ekki er heldur getið um hann í örnefnaskrá Fjarðar eða Vestdals.¹⁰ Það kemur einnig til greina að garðurinn hafi verið reistur tengt virkjanaframkvæmdum sem voru áætlaðar í Vestdal í kringum 1920-1930.¹¹




Mynd 2. Horft til NV yfir garð 2794-3 áður en hafist var handa við hreinsun V-sniðs.



Mynd 3. Í gjóskulagagreiningu Magnúsar Á. Sigurgeirssonar á gjóskulagasyrpu í Jökuldal má sjá svipaða syrpu og í Vestdal, þ.e. Ö 1362, V-1160 og H-1158, auk LNS. Sjá skýrslu um Arnórstaði á Jökuldal, Fornleifastofnun, 2020, bls. 2 í gjóskulagarannsókn.

¹⁰ Örnefnaskrár Fjarðar frá 1943, 1990, 1991, 1992, 2000, 2001 og Vestdals (ártal ekki skráð).

¹¹ Hugsanlega tengist garðurinn virkjanaframkvæmdum sem voru áætlaðar íaf íbúum á Vestdalseyrinni í kringum 1920-1930 (sjá má fimm “ferninga” steinaraða upp við vegginn sem ætlaðir voru í virkjunarframkvæmdir að sögn Unnars B. Sveinlaugssonar, f. 1970).



Mynd 5. Vestursnið garðs 2794-3. Horft til vesturs inn Vestdalinn.



Mynd 4. Sniðteikning yfir ljósmynd af vestursniði garðs 2794-3.

Undir garðinum er grátt aurskríðulag, Ö-1362 gjoska, V-1160 og H-1158 gjoska, allt *in situ*, mólag og skríðulag. Neðarlega má greina landnámssyrpuna (LNS) og undir henni annað skríðulag. Í örnefnaskrá Dvergasteins er getið um aurskríðu sem féll á svæðinu árið 1916.¹² Því gæti garðurinn hafa verið reistur eftir að aurskríðan árið 1916 féll.

¹² Örnefnaskrár Dvergasteins og Selstaða, 1980.

Sniðlýsing sniðs

Í sniði garðs 2794-3 var hægt að greina eftirfarandi jarðlög:

- 1) *Torfhleðsla garðs 2794-3 með V-1477 og A-1875 gjósku.*
- 2) *Skriðulag aurskriðu sem gæti hafa fallið árið 1916.*
- 3) *Ö-1362 gjóska.*
- 4) *V-1160 / H-1158 gjóska.*
- 5) *Mólag.*
- 6) *Skriða sem hefur fallið eftir árið 1000.*
- 7) *Landnámssyrpan LNS (síkra 600-1000).*

Niðurstöður

Engir forngripir fundust við rannsóknina. Niðurstaða rannsókna eru þær að garður 2794-3 er ekki forn eins og áður var talið. Í torflögum garðsins má greina V-1477 og A-1875 gjóskulög og hann er reistur ofan á aurskriðulagi sem féll líklega árið 1916. Allt bendir því til þess að garður 2794-3 hafi verið reistur á 20. öld. Því er lagt til að Minjastofnun Íslands heimili að leggja línulögn þar sem garður er rofinn. Það er þó ákvörðun Minjastofnunar Íslands að heimila slíka tilhögun.

Heimildir

Elín Ósk Hreiðarsdóttir (ritstj.). (2019). „Fornleifar á Vestdalseyri. Deiliskráning á þorpínu og nánasta nágrenni.“ Fornleifastofnun Íslands. FS692-17191.

Lilja Björk Pálsdóttir ásamt Magnúsi Á. Sigurgeirssyni. Arnórsstaðir á Jökuldal. Forrannsókn vegna fyrirhugaðra vegframkvæmda. Fornleifastofnun Íslands. FS821-20321.

Lög um menningarminjar. Nr. 80, 29. júní 2012.

Minjavefsjá Minjastofnunar Íslands (www.map.is/minjastofnun/#)

Rannveig Þórhallsdóttir. (2018). „Fjallkonan. „Sér hún hátt og vítt um veg“ – hinsta hvíla konu frá 10. öld á Vestdalsheiði. Síð-fræðileg rannsókn á mannvistarleifum og gripum.“ MA ritgerð í fornleifafræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi: Dr. Steinunn Kristjánsdóttir.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2022). Fornleifaskráning vegna línulagnar fyrir Múlaþing, frá Vestdal að Dvergasteini, Sunnuholti og Selstöðum, Seyðisfirði, Múlaþingi.“ Sagnabrunnur.

Sigurður Vilhjálmsson. (1970). „Seyðisfjörður, örnefni á öllum bæjum“. Sótt á nafnið.is.


Örnefnastofnun (1972). *Skrá yfir örnefni að Firði, Vestdal, Dvergasteini og Selstöðum, Seyðisfirði. Uppfletting á nafnid.is*

Fylgiskjal 1


Yfirlit yfir ljósmyndir 0563 til 0586, teknar á vettvangi í Vestdal.




IMG_0577.JPG




IMG_0579.JPG



IMG_0581.JPG



IMG_0582.JPG




IMG_0583.JPG



IMG_0584.JPG



IMG_0585.JPG



IMG_0586.JPG




IMG_0563.JPG




IMG_0565.JPG



IMG_0567.JPG



IMG_0568.JPG



IMG_0569.JPG



IMG_0571.JPG



IMG_0572.JPG



IMG_0574.JPG



IMG_0575.JPG



IMG_0576.JPG

Fylgiskjal 2.

Ljósmyndaskrá af vettvangi í Vestdal.

Mynd Nr.	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Dagsetning	Myndavél
563	Vesturprófill garðs 2794-3 áður en sniðið var hreinsað.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
565	Vesturprófill garðs 2794-3 áður en sniðið var hreinsað.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
567	Horft yfir lækjarfarveginn sem rýfur tóft 2794-3.	NV	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
568	Snið garðs 2794-3 eftir hreinsun með 2 m skala.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
569	Snið garðs 2794-3 eftir hreinsun með 2 m skala.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
571	Snið garðs 2794-3 eftir hreinsun með 2 m skala.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
572	Snið garðs 2794-3 eftir hreinsun með 2 m skala.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
574	Snið garðs 2794-3 eftir hreinsun með 2 m skala.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
575	Snið garðs 2794-3 eftir hreinsun með 2 m skala.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
576	Nærmynd af torfhleðslu með V-1477 (svört) A-1875 (ljós og grófkorna) gjóskulögum.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
577	Snið garðs 2794-3 eftir hreinsun.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
579	Snið garðs 2794-3 eftir hreinsun með 2 m skala.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
581	Snið garðs 2794-3 eftir hreinsun með 2 m skala.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
582	Snið garðs 2794-3 eftir hreinsun með 2 m skala.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
583	Snið garðs 2794-3 eftir hreinsun með 2 m skala og málbandi.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
584	Snið garðs 2794-3 eftir hreinsun með 2 m skala og málbandi.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
585	Snið garðs 2794-3 eftir hreinsun með 2 m skala og málbandi.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D
586	Ólafur Örn Pétursson við snið garðs 2794-3.	V	RÞ	06.12.2022	Canon EOS 250 D